



Skýrsla UNICEF - teymis Víkurskóla

Teymið í vetur skipuðu: Svava Margrét Ingvarsdóttir, Ásrún Ágústsdóttir, Stefán Örn Kárasón og Kristín Lilja Valgarðsdóttir

Hvað er UNICEF og Barnasáttmálinn

Réttindaskóli UNICEF (e. Child Right Schools) er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur, og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna verkefnið leggja sáttmálann til grundvallar í öllu sínu starfi hvað varðar skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Tilgangur

UNICEF gegnir mikilvægu hlutverki til að stuðla að innleiðingu Barnasáttmálans um allan heim. UNICEF vinnur með ríkisstjórnnum, samtökum og samfélögum til að tryggja að réttindi barna séu virt og að öll börn fái tækifæri til að njóta þeirra réttinda sem sáttmálinn kveður á um.

Mikilvægi

Barnasáttmálinn hefur verið mikilvægur í að bæta stöðu barna um allan heim og hefur stuðlað að verulegum framförum á réttindum barna á ýmsum sviðum. Hann er grundvallarplagg fyrir alla sem vinna að réttindum barna. Hann hefur áhrif á börn og starfsfólk varðandi velferð og líðan barna í UNICEF skólum.

Markmið

Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annars starfsfólks.

Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem innleiða verkefnið, vinna að því að ná fimm markmiðum sem byggja á Barnasáttmálanum. Aðgerðaáætlun er unnin út frá markmiðum verkefnisins og gott er að hugsa öll verkefni og aðgerðir út frá því hvernig þær styðja við markmiðin fimm.

Markmiðin eru eftirfarandi:

1. auka þekkingu á réttindum barna.
2. aukið lýðræði.
3. skapa eldmóð fyrir réttindum barna.
4. Barnasáttmálinn sé hluti af daglegu starfi.
5. samstarf út frá þörfum barnsins.

Framkvæmd innleiðingarinnar

Í vetur héldum við áfram innleiðingarferlinu í að Víkurskóli verði Réttindaskóli UNICEF. Tókum við þátt í vinnustofum á vegum Réttindaskóla UNICEF. Lögðum fyrir könnun fyrir starfsfólkið. Haldnir voru nokkrir fundir í teyminu og með Unni hjá UNICEF yfir skólaárið. Á einum teymisfundinum var ákveðið að sameina nemendaráð og viðburðarstjórnun fyrir næsta skólaár. Þetta er verkefni sem yrði þá samstarfsverkefni fyrir skólann og félagsmiðstöðina. UNICEF hefur einmitt hvatt til þess að fá fleiri verkefni sem snúa að unglingastiginu þar sem eitthvað er lítið til af þannig verkefnum.

Innleiðingarferli

Svava Margrét og Stefán Örn frá félagsmiðstöðinni fóru á framhaldsnámskeið hjá UNICEF Akadémíunni í haust. Markmið fyrir árið 2025-2026 var að gera stöðumat, safna upplýsingum og vinna síðan aðgerðaáætlun. Stöðumatið miðar að því að safna upplýsingum um þekkingu starfsfólks og barna á réttindum og kanna hversu örugg börn upplifa sig. Stöðumatið er grundvöllur fyrir umbætur sem eru síðan settar í aðgerðaráætlun.

Áætlun vetrar

1. Kanna þekkingu og fá stöðumat allra starfsmanna og nemenda skólans
2. Fá upplýsingar frá kennurum hvað og hvernig þeir eru að vinna með Barnasáttmálann.
3. Búa til aðgerðaáætlun út frá niðurstöðum stöðumatsins og ákveða næstu skref fyrir skólaárið 2025-2026.

Mat eftir veturinn

- UNICEF hefur verið að betrumbæta kannanir sínar og var í fyrsta skipti í vetur sem þær voru keyrðar út í nýju kerfi.
- Í vor tók starfsfólk skólans stöðukönnun.
- Ákveðið var að nemendur tækju stöðukönnun í haust.
- Ákveðið var að leggja fyrir aðgengis- og öryggiskönnun í öllum árgöngum skólans auk starfsmanna skólans og félagsmiðstöðvarinnar í haust.
- Allir starfsmenn skólans hlustuðu á kynningarmyndbandið, Réttindi og frístund og fengu diploma fyrir þátttökuna. [Innleiðingarhringur Réttindaskóla- og frístunda | UNICEF Akademían](#)
- Kennarar hafa verið að vinna með Barnasáttmálann á ýmsan hátt í vetur í Uglu.

Næstu skref fyrir skólaárið 2025-2026

Eitt af fyrstu skrefunum í innleiðingu Réttindaskóla og -frístundar er stöðumat með starfsfólki og börnum. Stöðumatið leggjum við fyrir í upphafi innleiðingar og svo aftur þegar kominn er tími á úttekt fyrir viðurkenningu. Þannig næst mæling á þekkingu, skilning og getum við betur metið árangur innleiðingarinnar.

- Það þarf að virkja fleiri áhugasama kennara til að starfa í teyminu til að ýta verkefninu úr vör þar sem allir eru samstíga til að við náum að fá vottun UNICEF haustið 2026.
- Stefán Örn og Kristín Lilja frá félagsmiðstöðinni er fulltrúi þeirra og er með í þessu verkefni.
- Setja þarf upp tímaáætlun og nota gátlista Réttindaskólans, sem er inná Teams, til að styðjast við fyrir innleiðingarferlið sem á að ljúka í október 2026.
- Við þurfum að fá Unni Helgu frá UNICEF til að koma og hitta teymið í haust.

- Mikilvægt er að kynna markvisst fyrir foreldrum og nemendum að við séum á þessari vegferð.
- Leggja fyrir einstaklingskönnun um stöðumat fyrir nemendur.
<https://emea.dcv.ms/56t1CwzNAz>
- Leggja þarf fyrir aðgengis- og öryggiskönnun í öllum árgöngum skólans auk starfsmanna skólans og félagsmiðstöðvarinnar. <https://emea.dcv.ms/5rQT3mkSzu>
- Búa til aðgerðaáætlun út frá niðurstöðum stöðumatsins.
- Kynna svo réttindaráðið þegar nemendur skilja út á hvað það gengur.
- Mikilvægt er að stofna réttindaráð. Nemendur sem eru að koma inn í 8. Bekk og þeir sem eru í 9. bekk hafa þekkingu á réttindaráðinu. Gott væri að fá nemendur sem voru í réttindaráði í 7. bekk til að halda áfram hér í Víkurskóla meðan við eru að vinna í að festa réttindaráðið í sessi. – til handbók hvernig best er að innleiða réttindaráð.
- Fá yfirsýn frá kennurum hvaða verkefni þeirra tengjast Barnasáttmálanum og skrá hvaða greina hluta af Barnasáttmálanum þeir eru að leggja áherslu á.
- Skila þarf inn skýrslu í lok hvers skólaárs.
- Allar upplýsingar og gögn er varða verkefnið er hægt að nálgast inn á Teams. Unnur Helga Ólafsdóttir heldur utan um verkefnið og er tengiliður við skólana hjá UNICEF
- Fleiri hugmyndir fyrir næsta skólaár sem vert er að hrinda í framkvæmd:
 - Hafa UNICEF – dag? Þemadag?
 - Úbúa hugmyndakassa fyrir nemendur.
 - **Lítli kompás**, skoða vel, er inn á barnasáttmálanum og UNICEF.